

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

146. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 5. janúar 2017 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, og Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður og Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður og Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Guðmundur Sigurðsson hjá Vegagerðinni mætir á fundinn til að ræða stöðu á girðingum og viðhaldi heimreiða.
2. Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra
3. Varnagirðingar
4. Vetrarveiði á ref – umsóknir
5. Lungnakregða í sauðfé
6. Tilkypping frá Vegagerðinni um niðurfellingu af vegaskrá
7. Fjárhagsáætlun 2017

Afgreiðslur:

1. **Guðmundur Sigurðsson hjá Vegagerðinni mætir á fundinn** til að ræða stöðu á girðingum og viðhaldi heimreiða. Nokkur vandamál hafa orðið þar sem rafmagn hefur vantað á þær girðingar sem Vegagerðin ber ábyrgð á. Einnig vantaði uppá frágang við ristarhlið, við nýja veginn um Miðfjörð að vestan, fram eftir sumri og komst búfé ítrekað á veginn. Ástand heimreiða í dreifbýli í Húnaþingi vestra er víða slæmt, ekki hefur verið borið ofaní eða heflað í nokkur ár. Guðmundur segir frá að vandræði hafi verið með rafmagn á girðingar á árinu 2016 en verið er að gera ráðstafanir um að verði í lagi í vor. Reynt verður að endurnýja girðingar um 4 – 5 km á ári. Frágangi við ristarhlið við nýja veginn um Miðfjörð var lokið sl. haust. Nokkuð hefur vantað uppá að lögreglan láti Vegagerðina og landeigendur vita þegar bifreiðar lenda utan vega og skemma girðingar. Varðandi skort á viðhaldi heimreiða þá segir Guðmundur vandann viðvarandi á öllu þjónustusvæðinu. Fjárveitingar hafa ekki dugað til að halda við stofn- og tengivegum og hafa heimreiðar setið eftir. Varðandi fjárveitingar til vegamála á árinu 2017 þá vantar verulega fjármuni inn í fjárlögin til að standa undir ný samþykkttri samgönguáætlun.
2. **Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.** Rætt um álagningu fjallskila. Almennt er erfitt að fá upplýsingar um bústofn og borið hefur á að menn telji ekki fram þar sem bústofninn gengur árlangt heldur miða við lögheimili eiganda. Lítið hefur gengið að ræða málið við fulltrúa MAST. Sveitarstjóra falið að fá fulltrúa Bændasamtakanna á fund ráðsins.
3. **Varnagirðingar.** Jóhann Ragnarsson segir frá nýjum hugmyndum um varnargirðingar frá starfshópi um endurskoðun varnalína vegna sauðfjársjúkdóma.

Landbúnaðarráð er algjörlega mótfallið þeim hugmyndum sem fram koma hjá starfshópnum varðandi Vatnsneshólf. Svæðið sem um ræðir er erfitt og verður eflaust kostnaðarsamt að girða. Augljóst er að heimamenn hafi ekki verið hafðir með í ráðum. Þá þykir landbúnaðarráði merkilegt að þegar ekki fáist fjármagn til viðhalds girðinga sem eru til staðar að áætlað sé að fara í kostnaðarsamar nýframkvæmdir sem ekki er augljóst að skili árangri.

4. **Vetrarveiði á ref - umsóknir.** Fram lagðar umsóknir frá aðilum er vilja stunda vetrarveiðar á ref í Húnaþingi vestra til 15. apríl nk. Umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Ástmundur Agnar Norland sækir um Vatnsnes

Björn Viðar Unnsteinsson sækir um Vesturhóp

Elmar Baldursson sækir um Vesturhóp

Guðmundur Pálsson sækir um Víðidal

Hannes G. Hilmarsson sækir um Hrútafjörð vestan

Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson sækir um Vatnsnes og Vesturhóp

Jón Kristján Sæmundsson / Tómas Gunnar Sæmundsson sækir um Hrútafjörð austan

Kristófer Jóhannesson sækir um Miðfjörð

Landbúnaðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að gera samninga við eftirtalda umsækjendur að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í auglýsingu um vetrarveiði á ref: Jón Kristján Sæmundsson og Tómas Gunnar Sæmundsson veiði austan Hrútafjarðar, Hannes G. Hilmarsson veiði vestan Hrútafjarðar, Guðmundur Pálsson veiði í Víðidal, Björn Viðar Unnsteinsson veiði í Vesturhópi, Kristófer Jóhannesson veiði í Miðfirði og Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson veiði á Vatnsnesi. Samningarnir gildi til 15. apríl nk. Samningshafar skuli hafa skilað inn skottum og reikningum í síðasta lagi 25. apríl 2017. Sama fyrirkomulag verður á veiðunum og í fyrra eða 8.000 kr. fyrir hvern ref. Greitt verður að hámarki fyrir 17 dýr á hverju svæði.

5. **Lungnakregða í sauðfé.** Lungnakregða er vandamál í íslensku sauðfé og er útbreidd um allt land. Þar sem sjúkdómurinn kemur upp hefur hann mikil áhrif á þrif í fé og getur leitt af sér stórfelldan afurðaskaða, bæði hvað varðar slælegar heimtur og lélegan þroska í lömbum. Í sauðfjárræktarhéraði á borð við Húnaþing vestra getur tjón af þessum völdum orðir umtalsvert og því er afar mikilvægt að bóluefni við sjúkdómnum finnist sem fyrst.

Landbúnaðarráð hvetur Fagråd í Sauðfjárrækt, Landssamtök sauðfjárnænda og Matvælastofnun, til að setja aukinn kraft í rannsóknir og þróun bóluefna vegna lungnakregðu svo komast megi fyrir vandamálið eins fljótt og auðið.

6. **Tilkynning frá Vegagerðinni um niðurfellingu af vegaskrá.** Lagt fram bréf frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Sveðjustaðavegar nr. 7052-01 og Auðunnarstaðavegar nr. 7180-01 af vegaskrá þar sem ekki er föst búseta fyrir hendi á Sveðjustöðum og Auðunnarstöðum 1. Verði föst búseta á þeim bæjum í framtíðinni er hægt að sækja um að koma vegunum aftur inn á vegaskrá.
7. **Fjárhagsáætlun 2017.** Sveitarstjóri segir frá þeim upphæðum sem eru á fjárhagsáætlun ársins 2017 vegna heiðarskála, heiðargirðinga, styrkvega, rétta og veiða á ref og mink.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:41

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir

Þórarinn Óli Rafnsson